



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr. 272 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 16. september 2019 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.
Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Sólheimajökulsmelar – Umsókn um stöðuleyfi.

Helgi Helgason f.h. Helgi brjótur ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir matarvagn við Sólheimajökulsmela.

- Skipulagsnefnd frestar ákvarðanatöku þar til samþykki landeigendafélagsins liggur fyrir.

2. Sléttuvegur 2 og 2a – Umsókn um stöðuleyfi.

Egill Örylgsson f.h. Fasteignafélagsins Skuld ehf. sækir um stöðuleyfi fyrir vinnubúðir og gám við Sléttuveg 2 og 2a.

- Samþykkt samhljóða

3. Höfðabrekka – Umsókn um stofnun lóðar

Bernhard Bogason f.h. Katla Eignarhaldsfélag ehf. sækir um leyfi fyrir stofnun lóðar úr upprunalandi Höfðabrekku í samræmi við framlögð gögn. Viðkomandi lóð er stofnuð sem ný lóð og er ætluð fyrir ferðapjónustu.

- Samþykkt samhljóða

4. Mánabraut 26 – Umsókn um byggingarleyfi

Sarah Charlene Louise Chenal sækir um byggingarleyfi fyrir einbýlishús ásamt bílskúr á Mánabraut 26.

- Samþykkt samhljóða með fyrirvara um grenndarkynningu, skipulagsnefnd vekur athygli umsækjanda á reglum um brunavarnir varðandi lágmarksfjarlægð á milli húsa.

5. Mylluland 5 – Umsókn um byggingarleyfi

Richard Henzler sækir um leyfi til að breyta notkun á mhl.0001 hússins úr bílskúr í íbúð.

- Skipulagsnefnd frestar ákvarðanatöku þar til nýtt deiliskipulag liggur fyrir.

6. Skeiðflöt – Umsókn um byggingarleyfi

Vigfús Þór Hróbjartsson f.h. Skeiðflöt ehf. sækir um leyfi til breytinga á flóttaleið efri hæðar. Aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

- Samþykkt samhljóða

7. Skeiðflöt – Umsókn um byggingarleyfi

Vigfús Þór Hróbjartsson f.h. Skeiðflöt ehf. sækir um leyfi til að breyta notkun á véla- og verkfæraskemmu í sal og íbúð. Aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

- Skipulagsnefnd frestar ákvarðanatöku þar til nýtt deiliskipulag liggur fyrir.

8. Hátún 5-11 - Breyting á hönnunargögnum gerð eftir grenndarkynningu.

Hönnunargögnin sem lögð eru fyrir byggingafulltrúa eru ekki í samræmi við framlögð gögn frá grenndarkynningu. Nýr aðaluppdráttur lagður fram til umræðu.

Óðinn Gíslason víkur af fundi.

- Samþykkt að fresta afgreiðslu.

Óðinn kemur aftur inn á fundinn.

9. Austurhluti Víkur - Lýsing fyrir breytingu á aðalskipulagi.

Lögð er fram til samþykktar lýsing á breytingu á aðalskipulagi í þéttbýlinu í Vík í Mýrdal.

Lýsingin tekur til breytinga í austurhluta Víkur þar sem á að stækka íbúðarsvæði ÍS7 til austurs. Gert er ráð fyrir nýju svæði fyrir samfélagsþjónustu Þ12 fyrir björgunarmiðstöð við Sléttuveg 18-22, legu afleggjara af Austurvegi, breytt notkun á athafnasvæði A1, breytt notkun á hluta Iðnaðarsvæðis I1 og stækkun I2, breytt notkun hluta verslunar- og þjónustusvæðis V36 í nýtt íbúðarsvæði ÍS8 og breyttir skilmálar fyrir V35.

- Skipulagslýsingin er samþykkt og skipulagsfulltrúa falið að óska umsagnar og auglýsa lýsinguna skv. 30 gr. skipulagslaga nr.123/2010.

10. Péturshólar – Breyting á deiliskipulagi.


Lögð er fram umsögn Vegagerðinni varðandi aðkomu að Péturshólum.

Guðrún Hildur Kolbeins víkur af fundi.


-Í umsögn Vegagerðarinnar segir að henni hafi ekki borist umsókn um að vegurinn að Péturshólum verði héraðsvegur og því tekur skipulagsnefnd undir með Vegagerðinni þar sem segir „Rétt er að taka fram að vegur telst ekki héraðsvegur fyrr en að undangenginni umsókn landeigenda og að tilteknum skilyrðum uppfylltum“

Guðrún Hildur kemur aftur inná fundinn

Fundi slitið klukkan 19:16



Drífa Bjarnadóttir


Jónas Erlendsson







Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselú



Guðrún Hildur Kolbeins





